



Gjaldskrá fyrir flutning á raforku og kerfisþjónustu

Nr. 3.
Gildir frá 1. apríl 2006

1. grein

Gjaldskrá þessi gildir fyrir flutning raforku um flutningskerfi Landsnets hf.
Gjaldskrá þessi gildir einnig fyrir virkjanir sem tengjast flutningskerfinu um dreifiveitu.

2. grein

Eftirfarandi skilgreiningar eiga við um og eru notaðar í gjaldskrá þessari:

Afhendingarspenna: Sú staðalspenna (málsþenna) sem Landsnet afhendir rafmagn á.

Afhendingarstaður: Staður í flutnings- eða dreifikerfi þar sem innmötun eða úttekt raforku fer fram.

Almannaksár: 1.janúar-31.desember ár hvert.

Flutningskerfi: Raflínur og mannvirki þeim tengd sem nauðsynleg eru til að flytja raforku frá virkjunum til stórnotenda og til dreifiveitna á þeim afhendingarstöðum sem taldir eru upp í viðauka með raforkulögum nr. 65/2003 nr. 89/2004. Það nær frá háspennuhlið stöðvarspenna virkjana sem tengjast því, sbr. 3. mgr. 5. gr. raforkulaga, að háspennuhlið aðveituspenna stórnotenda og dreifiveitna.

Ótryggt rafmagn: Rafmagn sem Landsneti er heimilt að skerða vegna truflana í flutningskerfinu eða raforkuverum.

Innmötun: Rafmagn sem matað er inn á flutningskerfi eða dreifikerfi

Stórnotandi: Notandi sem notar á einum stað a.m.k. 14 MW afl með árlegum nýtingartíma 8.000 stundir eða meira og uppfyllir aðra skilmála Landsnets um stórnotendur.

Úttekt: :Það rafmagn sem viðskiptavinir taka út af flutningskerfi Landsnets, ásamt því rafmagni sem framleitt er í virkjunum sem tengjast Landsneti um dreifiveitu.

3. grein

Afhendingarstaðir og afhendingarspenna við innmötun og úttekt raforku eru sem hér segir:

Afhendingarstaðir innmötun:

Afhendingarspenna:

Laxárstöð	66 kV
Króflustöð	132 kV
Búrfellsstöð	220 kV og 66 kV
Ljósafofsstöð	66 kV
Sultartangastöð	220 kV
Sigöldustöð	220 kV
Hrauneyjarstöð	220 kV
Vatnsfellsstöð	220 kV
Blöndustöð	132 kV
Írafossstöð	132 kV
Steingrímsstöð	66 kV
Nesjavellir.....	132 kV
Svartsengi.....	132 kV
Andakílvirkjun.....	66 kV
Mjólkárvirkjun.....	66 kV
Lagarfossvirkjun.....	66 kV
Hellisheiðarvirkjun.....	220 kV
Reykjanesvirkjun.....	130 kV

Afhendingarstaðir úttektar

Afhendingarspenna

Svartsengi.....	132 kV
Fitjar	132 kV
Hamranes	132 kV
Aðveitustöð ALCAN	220 kV
Öldugata í Hafnarfirði.....	132 kV
Hnoðraholt	132 kV
Rauðavatn.....	132 kV
Korpa	132 kV
Brennimelur	11 kV
Aðveitustöð Járblendifélagssins.....	220 kV
Aðveitustöð Norðuráls	220 kV
Akranes	66 kV
Vatnshamrar	66 kV
Vegamót	66 kV
Ólafsvík	66 kV
Grundarfjörður.....	66 kV
Vogaskeið	66 kV
Glerárskógar	132 kV
Geiradalur	132 kV

Tálknafjörður66 kV
Mjólká 33 kV
Breiðadalur.....	..66 kV
Bolungarvík66 kV
Ísafjörður66 kV
Hrútatunga	132 kV
Laxárvatn	132 kV
Blanda11 kV
Sauðárkrókur.....	..66 kV
Varmahlíð11 kV
Dalvík66 kV
Rangárvellir	66 kV
Húsavík33 kV
Laxá11 kV
Krafla11 kV
Lindarbrekka66 kV
Silfurstjarna66 kV
Kópasker.....	..66 kV
Vopnafjörður66 kV
Lagarfoss66 kV
Eyvindará.....	..66 kV
Seyðisfjörður66 kV
Neskaupsstaður66 kV
Eskifjörður66 kV
Bessastaðir.....	132 kV
Hryggstekkur11 kV
Stuðlar66 kV
Fáskrúðsfjörður.....	..66 kV
Teigarhorn	132 kV
Hólar	132 kV
Prestbakki	132 kV
Búrfell	11 kV
Hvolsvöllur66 kV
Rímakot66 kV
Vestmannaeyjar33 kV
Flúðir.....	..66 kV
Hella.....	..66 kV
Selfoss.....	..66 kV
Ljósafoss	11 kV
Hveragerði66 kV
Þorlákshöfn66 kV

4. grein

4.1 Flutningsgjald

Afhendingargjald..... 3.410.248 kr. á ári

Innmötun:

Aflgjald532.221 kr. á ársMW.

Orkugjald.....9,64 kr. á MWst.

Úttekt:

Dreifiveitur

Aflgjald.....3.132.401 kr. á ársMW.

Orkugjald.....226,82 kr. á MWst.

Stórnotendur

Aflgjald.....1.238.737 kr. á ársMW

Orkugjald.....62,64 kr. á MWst.

Ótryggt rafmagn

Orkugjald.....226,8 kr. á MWst.

Gjald fyrir kerfisþjónustu og töp er ekki innifalið í flutningsgjaldi hér að ofan og er innheimt sérstaklega skv. grein 4.2.

4.2. Gjald fyrir kerfisþjónustu og flutningstöp¹

Kerfisþjónusta.....34,02, kr. á MWst

Töp.....65,49 kr. á MWst.

- 4.3. Veittur er 5% afsláttur af afl- og orkugjaldi samkvæmt grein 4.1. þar sem rafmagn er afhent til dreifiveitna á hærri málspennu en 66 kV.
- 4.4 Ekki er innheimt aflgjald vegna ótryggðs rafmagns sem afhent er á 132 kV málspennu eða lægri og ef aflúttekt er meiri en 1 MW.
- 4.5 Aflgjald vegna úttektar er reiknað útfrá meðaltali fjögurra hæstu 60 mínútna mánaðar afltoppa ársins fyrir sérhvern afhendingarstað.
- 4.6 Aflgjald vegna innmötunar er reiknað útfrá samanlögðu ástimpluðu afli véla í hverri virkjun.
- 4.7 Veittur er afsláttur af gjaldi á kerfisþjónustu vegna ótryggðs rafmagns sem nemur kostnaði Landsnets vegna varaafis.

5. grein

Gjöld vegna kerfisþjónustu og tapa greiðast eingöngu af úttekt með þeirri undantekningu sem kemur fram í gr. 8.3.

¹ Gjöld vegna tapa og kerfisþjónustu taka breytingum til samræmis við innkaup Landsnets á töpum og stoðþjónustu.

6. grein

Afhendingarstaðir skulu að öllu jöfnu vera sérmældir. Þó skulu afhendingarstaðir sammældir inn á dreifiveitusvæði sem rekið er samtengt, enda geti hver afhendingarstaður annað a.m.k. $1/(n-1)*100\%$ af heildarþörf svæðisins, þar sem n er fjöldi afhendingarstaða.

7. grein

- 7.1 Hver viðskiptavinur greiðir afhendingargjald fyrir sérhvern afhendingarstað þó hann tengist flutningskerfinu á fleiri en einu inn- eða úttaki innan hans og mismunandi afhendingarspennu, sbr. gr. 3.
- 7.2 Afsláttur af afhendingargjaldi á úttekt er veittur ef hámarksaflúttekt er eftirfarandi:
Á bilinu 3,0 – 6,0 MW er veittur 40 % afsláttur.
Minna en 3,0 MW er veittur 70 % afsláttur.
- 7.3 Í sérhverjum afhendingarstað leggur Landsnet kaupanda til eitt úttak vegna úttektar á afhendingarspennu, sem tilgreind er í grein 3. Kaupandi skal greiða allan kostnað vegna viðbótarúttaks sem hann óskar eftir, svo og vegna annarrar afhendingarspennu en tilgreind er í gr. 3 og hann kann að óska eftir.
- 7.4 Kaupandi ótryggðs rafmagns skal einnig greiða allan kostnað vegna sérstaks úttaks vegna þess, sbr. gr. 3.

8. grein

- 8.1 Dreifiveitur skulu greiða úttektargjald sbr. 4. gr. af orku sem framleidd er í virkjunum sem tengjast Landsneti um dreifiveitu skv. eftirfarandi:
1. vegna þeirrar orku sem framleidd er í virkjun sem er undir 1 MW skal ekki greiða úttektargjald.
 2. vegna orku sem framleidd er í virkjunum á stærðarbilinu 1–3,1 MW skal ekki greiða úttektargjald við neðri stærðarmörkin en síðan skal gjaldið fara hlutfallslega hækkandi þar til það nemur 75% fulls úttektargjalds við efri mörkin.
 3. vegna orku frá virkjun sem er 3,1–7 MW skal greiða 75% fulls úttektargjalds.
- 8.2 Dreifiveitur skulu greiða gjald fyrir kerfisþjónustu sb. gr.4.2 af þeirri orku sem framleidd er í virkjunum sem tengjast Landsneti um dreifiveitu, og fer ekki inn á flutningskerfi Landsnets.
- 8.3 Dreifiveitur skulu greiða gjald fyrir flutningstöp, sbr. gr. 4.2 af þeirri orku sem framleidd er í virkjunum sem tengjast Landsneti um dreifiveitu, og fer ekki inn á flutningskerfi Landsnets, eftir sömu reglum og gilda um greiðslu úttektargjalds skv. gr. 8.1.
- 8.4 Gjöld skv. gr. 8.1 eru gerð upp sérstaklega.

9. grein

9.1 Gjaldskráin miðast við að meðal fasviksstuðull við úttekt hjá dreifiveitum í sérhverjum afhendingarstað sé ekki lægri en $\cos\phi$ 0,9, nema annað sé tiltekið í samningum Landsnets og viðskiptavinar.

9.2 Falli meðal fasviksstuðull eins mánaðar niður fyrir þessi gildi hækkar orku- og aflgjald samkvæmt 4. grein um 2 % fyrir hvert 1% sem meðalfasviksstuðullinn fer niður fyrir slíkt lágmark.

10. grein

Verð á jöfnunarorku er breytilegt og ræðst af verði á markaði hverju sinni og verður birt á heimasíðu Landsnets hf.

11. grein

Gjaldskrá þessi er sett af Landsneti hf. í samræmi við tekjumörk sem Orkustofnun hefur sett Landsneti hf. og gildir frá og með 1. apríl 2006.

12. grein

Orkustofnun hefur eftirlit með að Landsnet hf. starfi samkvæmt lögum nr. 65/2003 og fullnægi þeim skilyrðum sem um starfsemina gilda samkvæmt lögum og reglugerðum.